

þeim, sem verjandinn hefur færð fram. Þá er þess að geta, að framburðum ákærða og Hermanns Björgvinssonar ber í meginatriðum saman um viðskipti þeirra í milli, að öðru leyti en því, að ákærði kveðst hafa afhent féð til ávöxtunar, en Hermann Gunnar kveður, að ákærði hafi lánað sér féð gegn vöxtum.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna ofangreindri kröfu verjanda ákærða um frekari rannsókn málsins.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Óla Guðmundssonar hdl., um framhaldsrannsókn málsins í bréfi, dagsettu 15. október 1987, er hafnað.

Föstudaginn 20. nóvember 1987.

Nr. 315/1987. **S.H. Bilaleigan**

gegn

**Má Péturssyni**

**skiptaráðanda á Seltjarnarnesi**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Réttarneitun.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Finnur Torfi Hjörleifsson fulltrúi bæjarfógetans á Seltjarnarnesi fjallaði sem skiptaráðandi um þrotabú Stefáns Finnbogasonar og synjaði um úrskurð eins og síðar getur, en það er sú ákvörðun, sem kærð er eftir 21. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973.

Hinn 16. október sl. kærði sóknaraðili synjun skiptaráðandans á Seltjarnarnesi um uppkvaðningu úrskurðar, en sú synjun kom fram í bréfi til sóknaraðila 30. september, sem barst viðtakanda 5.

október. Hafði sóknaraðili beiðst úrskurðar um tilmæli sín um að skiptaráðandi framseldi til sóknaraðila tvö skuldabréf, sem talin voru eign þrotabús þess, sem fyrr er nefnt, og komu tilmæli um úrskurð fram í bréfi 7. september. Kæran barst Hæstarétti 10. nóvember. Hér fyrir dómi krefst sóknaraðili þess, að synjunin verði felld úr gildi og að fyrir skiptaráðanda verði lagt að taka „kröfu .. um úrskurð í bréfi dags. 07.09.'87 .. til efnislegrar meðferðar í úrskurðarformi“. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar en ekki gert kröfur.

*Málavextir eru þessir:*

Með úrskurði skiptaréttar Seltjarnarness 11. desember 1986 var bú Stefáns Finnbogasonar, Unnarbraut 3 þar í kaupstaðnum, tekið til gjaldþrotaskipta. Auglýsing um skiptin með venjulegri innköllun var birt í Lögbirtingablaði 23. janúar og 3. febrúar sl. og var þar boðað til skiptafundar 30. apríl.

Lögmaður sóknaraðila ritaði skiptarétti 9. febrúar, þar sem hann lýsti í búið 95.418,00. króna kröfu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Þá segir í bréfi lögmannsins: „Til greiðslu skuldarinnar setti þrotamaður að handveði hjálögð 2 skuldabréf. Þess er hér með farið á leit við yður, hr. skiptaráðandi, að þér vegna þrotamannsins framseljði bréfin umbjóðanda mínum, sem hyggst freista þess að innheimta þau. Takist það og verði afgangur er framangreindur reikningur hefur verið greiddur skuldbind ég undirritaður mig vegna umbjóðanda míns að greiða þrotabúinu mismuninn. — Bréfin óskast vinsamlega endursend.“ Skiptaráðandi ritaði lögmanninum 27. febrúar og kvaðst telja, að gögn skorti um kröfuna sjálfa. Einnig segir í bréfi hans: „Engin skjöl fylgja bréfinu til skýringa eða sönnunar á því að skuldabréfin tvö hafi verið sett að handveði fyrir umræddri skuld. Og ekki bera bréfin það með sér. Ekki er heldur frá því greint hvenær veðsetningin á að hafa gerst, en það kann að skipta máli, sbr. 57. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.“

Síðar í þessu sama bréfi segir skiptaráðandi: „Að svo komnu máli verður að líta svo á að skuldabréfin séu eign þrotabúsins, og verður með þau farið sem slíka, uns annað sannast, enda glatar umbjóðandi yðar ekki veðréttindum þeim sem hann kann að eiga í bréf-

unum, þótt þau verði innheimt af búinu.“ Hinn 6. mars sendi skiptaráðandi skuldara bréfanna innheimtubréf, en lögmaður skuldara svaraði með bréfi 23. mars. Er þar óskað nánari skýringa, en þó einnig sagt: „Umbj. minn kveðst hafa gefið út 3 skuldabréf til Stefáns þessa og áttu þau að vera til tryggingar á greiðslum í viðskiptum þeirra, en þar sem ekki hafi komið til neinna skulda- viðskipta telur umbj. minn að þrotabúinu beri að skila sér skulda- bréfum þessum.“ Skiptaráðandi svaraði 30. mars og vitnaði til bréfaskiptanna við lögmann sóknaraðila.

Í málinu liggur frammi bréf skiptaráðanda til kröfuhafa í þrotabúinu. Segir þar að skiptafundur hafi fallið niður 30. apríl, enda hafi enginn kröfuhafi komið til fundar. Er boðað til skiptafundar 9. júní. Þá er sagt, að eignir hafi ekki fundist í búinu aðrar en skuldabréfin tvö. Telur skiptaráðandi álitamál hvort halda eigi innheimtu þeirra til streitu. Þá segir í þessu bréfi skiptaráðanda: „Skiptaráðandi telur að til greina komi að ljúka búskiptum skv. 120. gr. l. nr. 6/1978 og með vísun til eignaleyisyfirlýsingar þrotamanns við aðfarargerðir 08.01. 1986 og 06.05. 1986 ... — Á fundinum 9. júní n.k. verða teknar ákvarðanir um ofangreind álitaefni og tekin afstaða til lýstra krafna, ef þörf krefur.“ Hinn 4. júní skrifaði lögmaður sóknaraðila bréf til skiptaráðanda, sem er þannig að meginmáli: „Með vísan til bréfs míns dags. 09.02. 1987 og bréfs yðar dags. 27.02. 1987 ... hefur við athugun komið í ljós, að láðst hefur að senda yður reikning þann frá S.H. Bílaleiguinni, sem skuldabréfin voru sett að handveði fyrir og fylgir hann hér hjálagt.“

Skiptafundur var haldinn 9. júní sl. Þar var enginn fyrir sóknaraðila, en einn lögmaður sótti fundinn og gætti hann þar hagsmuna annars kröfuhafa. Skiptaráðandi skýrði m.a. frá skuldabréfunum tveimur og þeirri afstöðu sinni að fella bæri niður innheimtutilraunir. Vísaði hann í því sambandi til bréfsins, sem lögmaður skuldara bréfanna ritaði 23. mars og fyrr er um getið. Var bókað á skiptafundinum, að þessari afstöðu væri ekki andmælt. Færði skiptaráðandi til bókar, að engar eignir hefðu fundist í búinu, en lýst hefði verið 23 kröfum að upphæð 1.959.796,45 krónur auk vaxta og kostnaðar. Var skiptum því næst lokið eftir 120. gr. laga nr. 6/1978.

Hinn 31. ágúst sl. afhenti skiptaráðandi lögmanni sóknaraðila margnefnd skuldabréf. Ýmis bréf hafa gengið milli aðila eftir

skiptafundinn 9. júní. M.a. óskaði lögmaðurinn þess í bréfi 7. september, eins og í upphafi var nefnt, að úrskurður yrði kveðinn upp um málaleitun sína varðandi framsal í bréfi 9. febrúar, sem ítrefuð hafði verið í bréfi 16. júní. Í bréfi skiptaráðanda 30. september segir, að hann telji ekki efni standa til að kveða upp úrskurð.

Í athugasemdum þeim, sem skiptaráðandi hefur sent Hæstarétti eftir 27. gr. laga nr. 75/1973 segir:

„1. Kærandi fór þess á leit með bréfi ds. 9. febr. 1987 að skuldabréfin yrðu framseld umbjóðanda sínum SH Bílaleigunni vegna þrotamannsins, Stefáns Finnbogasonar. Þessu hafnaði skiptaráðandi með bréfi ds. 27. febrúar 1987. Við því bréfi bárust skiptaráðanda engin svör, hvorki við athugasemdum um meinta handveðsetningu bréfanna né við þeirri niðurstöðu, að „að svo komnu máli verður að líta svo á að skuldabréfin séu eign þrotabúsins ... o.s.fr.“ Beiðni kæranda um framsal skuldabréfanna er endurupptekin þegar skiptameðferð á þrotabúi Stefáns Finnbogasonar var lokið.

2. Skiptafundur, sem halda átti í þrotabúi Stefáns Finnbogasonar 30. apríl 1987, sbr. auglýsingar í Lögbirtingablaði nr. 9 og 14, 23. jan. og 3. febr. 1987, féll niður fyrir vangá. Enginn mætti til fundar á þeim tíma. Skiptafundur var boðaður að nýju 9. júní 1987 með ábyrgðarbréfi til lögmanna kröfuhafa, þ. á m. kæranda, sbr. rskj. nr. 52. Í fundarboði er tekið fram að skuldabréfin komi til álita á fundinum: „álitamál gæti verið hvort halda á innheimtu skuldabréfanna til streitu.“

Á fund þennan var ekki mætt af hálfu SH Bílaleigunnar, en kærandi boðsendi þangað ljósrit bréfs og reikning til rökstuðnings kröfu umbjóðanda síns, sbr. rskj. nr. 53.

Á fundinum var ákveðið að fella niður innheimtu skuldabréfanna.

Var hér að áliti skiptaráðanda tekin ákvörðun um eign búsins, sem ekki verður krafist úrskurðar um. Slík krafa kom heldur ekki fram á fundinum. (Hér má til hliðsjónar vísa til: Markús Sigurbjörnsson borgarfégeti: Dómsvald skiptaréttar við skipti dánarbúa; Tímarit lögfræðinga 1. h. 1987, bls. 46, sbr. einkum bls. 62.)

3. Með bréfi ds. 16. júní 1987 krafðist kærandi þess f.h. umbjóðanda síns, SH Bílaleigunnar, að sér yrðu afhent skuldabréfin

tvö og að þau yrðu framseld af skiptaráðanda f.h. þrotamanns.

Skiptaráðandi ákvað að afhenda kæranda bréfin og tilkynnti honum og lögmanni skuldara skuldabréfanna að svo yrði gert að öllu óbreyttu eigi síðar en 1. sept. 1987. Jafnframt tilkynnti skiptaráðandi að hann yrði ekki við kröfunni um að framselja bréfin, þar sem hann teldi það fara í bága við þá afstöðu sem tekin var til þeirra á skiptafundinum 9. júní 1987.

Skiptaráðanda þykir nú rétt að benda á:

a) Þegar krafan um framsal kemur fram (með bréfi ds. 16. júní og móttæknu 20. júní) er skiptameðferð á þrotabúi Stefáns Finnbogasonar lokið.

b) Við ákvörðun skiptaráðanda um að afhenda kæranda bréfin en framselja þau ekki, sem tilkynnt var með bréfi ds. 16. júlí 1987, barst engin athugasemd frá kæranda fyrr en eftir að bréfin höfðu verið afhent honum 31. ágúst 1987.

4. Skiptaráðandi telur að 3. tl. 110. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 eigi ekki við í máli þessu.“

Krafa sóknaraðila er studd þeim rökum að í bréfi lögmanns hans 9. febrúar 1987 hafi hann lýst tvíþættri kröfu í bú þrotamanns, annars vegar fjárkröfu og hins vegar kröfu um framsal skuldabréfanna. Hafi krafa sóknaraðila því ekki verið viðurkennd að fullu eins og henni var lýst, sbr. 3. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978. Er því haldið fram að líta verði á efni bréfsins frá 4. júní 1987 sem andmæli gegn synjun skiptaráðanda á framsali skuldabréfanna. Hafi ekki verið fallið frá andmælum þessum á skiptafundi þeim sem fram fór, sbr. 2. tl. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 6/1978. Þrátt fyrir það hafi skiptaráðandi ekki boðað til nýs skiptafundar, sbr. síðastgreint lagaákvæði og hafi hann ekki kveðið upp úrskurð skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978. Telur sóknaraðili að afstaða skiptaráðanda til framsals skuldabréfanna sé ekki meðal þess sem hann geti tekið ákvörðun um án úrskurðar.

Á skiptafundi í þrotabúi Stefáns Finnbogasonar 9. júní sl. var ákveðið að búið skyldi ekki gera frekari tilraunir til að innheimta þau tvö skuldabréf, sem talin voru einu eignir búsins. Síðan voru skiptin felld niður. Eftir þetta voru bréfin afhent sóknaraðila. Ekki liggur nú fyrir að fjalla um það, hvort skiptaráðandi hafi, meðan

Þrotabúið var enn til meðferðar, átt að kveða upp úrskurð um þá málaleitun, að sóknaraðili fengi bréfin afhent með framsali til sín. Eru engin efni til að endurupptaka skiptin til að fjalla um rétt sóknaraðila til bréfanna.

Samkvæmt þessu ber að hafna kröfu sóknaraðila.  
Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu sóknaraðila er hafnað.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1987.

Nr. 25/1987. **Pétur Haukur Jónsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

**Guttormi Rafnkelssyni og**

**Svanhvíti Kristjánsdóttur**

(Ólafur Þorláksson hrl.)

Lögbannsgerð úr gildi felld. Aðild. Leiðbeiningaskylda dómara.  
Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987.

Hann gerir þær dómkröfur, að lögbann, sem lagt var við töku hans á mól úr sameiginlegu landi Árnanes I, II og III, Nesjahreppi,